



Kennari: Lárus Gestsson (larusgestsson@fsu.is)

Skammstöfun: LG.

Markmið áfangans

Að nemendur

- Fræðist um tré og eiginleika þess sem smíðafnis
- Hljóti þjálfun í beitingu handverkfæra
- Fá innsýn í notkun á algengustu trésmíðavélum og tækjum
- Tileinki sér öll þau öryggisatriði sem brýnust eru í smíðastofunni
- Fræðist um algengustu samsetningar í trésmíði
- Kynnist öðrum efnum sem notuð eru til smíða, viðhalds og viðgerða (límum, olíum, fúavarnarefnum, lökkum o.fl.)

Áhersla er lögð á að það sem nemendur fást við í áfanganum komi til með að nýtast þeim í daglega lífinu, fremur en að líta á það sem upphaf iðnnáms.

Verkefni

- Verkefnaval er að hluta til bundið, en að öðru leiti frjálst innan þeirra marka sem kennari leiðbeinir með
- Nemendur greiða efnisgjald, **kr. 5.000,-** fyrir áætlað efni sem notað er í verkefnin, sé um umframefni að ræða borgast það sérstaklega. Greiða skal á skrifstofu skólans sem allra fyrst og eigi síðar en 2. september.

Verkefnaskil

- Sett eru tímamörk á einstök verkefni sé ástæða til, en annars er farið eftir getu hvers og eins

Námsmat

- Ástundun, áhugi og hegðun eru metin jafnóðum (símæt), smíðamunir eru metnir að smíði lokinni. Mætingareglur skólans gilda um lágmarks tímasókn.